

[Type here]

FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBRAUTASKÓLANS Í GARÐABÆ

5. FUNDUR Á MIÐÖNN 2022-23

MIÐVIKUDAGINN 1. FEBRÚAR KL. 11:15

1. Bréf til skólaráðs

A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda.

Ekki er hægt að sækja um leyfi fyrir fleiri en fimm dögum á önn. Leyfi vegna íþróttá eru afgreidd strax en umsóknir um önnur leyfi fá ekki endanlega afgreiðslu fyrr en í lok annar. Samþykkt leyfisumsókna er háð því að skólasókn sé að minnsta kosti 97% fyrir utan þá 1-5 daga sem sótt er um leyfi fyrir.

2. Félagslíf og fjármál NFFG

Undirbúningur fyrir árshátíðina stendur yfir og verður dansleikurinn í Gamla bíói 23. mars. FG er dottið úr Morfís keppninni eftir tap gegn Kvennó. Það var vel mætt á keppnina og mikil stemmning og FG átti ræðumann kvöldsins. Næsta viðureign FG í Gettu betur verður í sjónvarpinu 17. febrúar á móti Tækniskólanum. Rafíþróttamót framhaldsskólanna stendur yfir og er FG þátttakandi með nokkur lið. Framundan eru svo skákkeppni og armbeygjukeppni á vegum NFFG. Stjórn NFFG ætlar að senda inn ósk um hækkun nemendafélagsgjaldsins í samræmi við hækkanir almennt í samfélaginu.

3. Önnur mál

32 nemendur frá FG tóku þátt í Líffræðikeppni framhaldsskólanna og voru tveir frá skólanum sem lentu á lista yfir tuttugu efstu í keppninni sem munu fara áfram í framhaldskeppni. Vel gert hjá þeim.

Fundinn sátu:

Aðalheiður Þorsteinsdóttir fulltrúi kennara

Andri Bergmann Isaksen forseti NFFG

Auður Sigurðardóttir náms-og starfsráðgjafi

Berglind M. Valdimarsdóttir forvarnafulltrúi

Dagný Hulda Broddadóttir náms-og starfsráðgjafi

Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri

Íris Hvanndal Skaftadóttir umhverfisfulltrúi

Kristín Helga Ólafsdóttir áfangastjóri

Máni Þór Guðmundsson fjármálastjóri NFFG

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og fundarritari

Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi

[Type here]